



Alþýðusamband Íslands

Endurskoðuð hagspá 2013-2015

Hagdeild ASÍ
Mars 2013

Hægur efnahagsbati

Hægt hefur á efnahagsbatanum og nú bendir flest til þess að hagvöxtur í ár verði rétt undir 2%, sem er nokkuð minna en hagdeildin spáði í október. Samkvæmt nýjum tölum frá Hagstofunni þá var hagvöxturinn í fyrra undir væntingum eða 1,6%. Breytinguna má að mestu rekja til minni samneysluútgjalda og minni útflutnings en gert var ráð fyrir í október. Efnahagslífið heldur þó áfram að reisa sig og gangi spá hagdeildar eftir verður hagvöxtur rétt um 3% árin 2014 og 2015. Búast má við að gengi krónunnar verði áfram veikt en styrkist þó lítillega eða um 2,5% á spátímanum. Staðan á vinnumarkaði batnar á næstu árum í takt við efnahagslífið og heimilin halda áfram að rétta úr kútnum. Verðbólga verður mikil í ár en minnkar þegar líður á spátímann.

Spáin byggir á sömu forsendum og spá hagdeildar frá því í október sl. fyrir utan að nú er gert ráð fyrir að framkvæmdir við byggingu kísilvers á Bakka hefjist á næsta ári. Áfram er gert ráð fyrir að framkvæmdir við álverið í Helgúvík ásamt tengdum orkuframkvæmdum fari á fullt skrið á árinu, ráðist verði í endurbætur á álverinu á Grundartanga og byggingu nýs fangelsis á Hólmsheiði. Auk þess er gert ráð fyrir byggingu nýs spítala og framkvæmdum við Vaðlaheiðargöng. Nokkur seinkun hefur orðið á framkvæmdum við álverið í Straumsvík en áfram er gert ráð fyrir að framleiðsla hefjist í endurbættri verksmiðju á undir lok næsta ári.

Spáin er háð töluverði óvissu um þróun efnahagsmála, bæði hérlendis og á alþjóðavísu. Gangi forsendur um fjárfestingar ekki eftir mun hagvöxtur verða umtalsvert minni en hér er gert ráð fyrir.

YFIRLIT YFIR SPÁ HAGDEILDAR ASÍ

| | <i>Í ma.kr.</i> | <i>Bráðab.</i> | <i>Spá</i> | <i>Spá</i> | <i>Spá</i> |
|--------------------------------|-----------------|----------------|------------|------------|------------|
| Hlutfallsleg breyting | 2012 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 |
| Einkaneysla | 915.9 | 2.7 | 2.0 | 1.4 | 2.6 |
| Samneysla | 435.8 | -0.2 | 0.5 | 1.0 | 2.0 |
| Fjármunamyndun | 245.8 | 4.4 | 1.5 | 21.2 | 11.7 |
| <i>þar af atvinnuvegir</i> | 170.0 | 8.6 | -6.2 | 24.2 | 8.7 |
| <i>þar af húsnæði</i> | 45.2 | 6.9 | 19.0 | 11.0 | 22.7 |
| <i>þar af hið opinbera</i> | 30.6 | -17.0 | 19.6 | 20.6 | 12.8 |
| Þjóðarútgjöld | 1,487.5 | 1.9 | 1.3 | 4.4 | 4.1 |
| Útflutningur | 1,011.0 | 3.9 | 1.6 | 2.0 | 2.9 |
| Innflutningur | 903.2 | 4.8 | 0.5 | 4.8 | 5.0 |
| Landsframleiðsla | 1,708.2 | 1.6 | 1.9 | 2.8 | 3.0 |
| Verðbólga ¹ | | 5.2 | 5.2 | 3.9 | 2.4 |
| Atvinnuleysi ² | | 5.8 | 5.0 | 4.4 | 3.9 |
| Gengisvísitala ³ | | 222 | 224 | 220 | 217 |
| Viðskiptajöfnuður ⁴ | | 0.8 | 5.2 | 3.5 | 2.5 |

¹ Breyting milli ársmeðaltala, neysluverðsvísitala

² Hlutfall af áætluðum mannafla

³ Ársmeðaltal

⁴ Hlutfall af landsframleiðslu án innlánsstofnana í slitameðferð

Hagur heimilanna vænkast

Kaupmáttur heimilanna hefur vaxið undanfarin ár og stutt við hóflegan vöxt einkaneyslunnar. Þrátt fyrir batnandi stöðu á vinnumarkaði, lengri vinnutíma og launahækkanir mun kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna dragast saman á þessu ári og því næsta. Skýringin er að sértækum aðgerðum til stuðnings skuldugum heimilum lýkur að mestu á árinu auk þess sem mikil verðbólga rýrir kaupmátt ráðstöfunartekna. Þetta endurspeglast í hóflegum vexti einkaneyslunnar allan spátímann.

Hagdeild spáir því að einkaneysla aukist um 2% í ár, 1,4% á næsta ári og 2,6% árið 2015.

Fjárfestingar aukast

Heildarfjárfestingar jukust um 4,4% í fyrra sem var ívið meira en hagdeildin hafði gert ráð fyrir. Sé hins vegar litið framhjá sveiflukenndum liðum eins og fjárfestingum í skipum og flugvélum, drógust heildarfjárfestingar saman um 4,7%. Samdrátturinn skýrist að mestu af ríflega fjórðungs samdrætti í stóriðjufjárfestingum og af 17% samdrætti í fjárfestingum hins opinbera.


Í ár má búast við að fjárfestingar atvinnuveganna dragist saman um ríflega 6%, sem eins og áður segir má að mestu má rekja til minni fjárfestinga í skipum og flugvélum. Að þeim undanskildum aukast atvinnuvegafjárfestingar um tæp 18% í ár. Á næsta ári aukast atvinnuvegafjárfestingar um tæpan fjórðung og um tæplega 9% árið 2015, sem rekja má til framkvæmda við álverið í Helguvík, kísilver á Bakka ásamt tengdum orkuverum.

Staðan á fasteignamarkaði hefur farið batnandi og gert er ráð fyrir að fjárfestingar í húsnæði aukist um tæpan fimmtung í ár, ríflega 11% á næsta ári og tæplega 23% árið 2015. Opinberar fjárfestingar taka því við sér í ár og aukast rétt um fimmtung næstu tvö árin og um tæp 13% árið 2015. Vöxt opinberra fjárfestinga má að mestu rekja til framkvæmda við Vaðlaheiðargöng, framkvæmda við nýtt fangelsi á Hólmsheiði og framkvæmdir við byggingu nýs spítala.

Samandregið er útlit fyrir 1,5% aukningu á heildarfjárfestingu á þessu ári, en sé horft framhjá fjárfestingum í skipum og flugvélum er aukningin meiri, eða 19%. Heildarfjárfestingar aukast um ríflega fimmtung á næsta ári og um tæp 12% árið 2015.

Batnandi staða á vinnumarkaði

Staða á vinnumarkaði hefur batnað undanfarin misseri, dregið hefur úr atvinnuleysi og fleiri eru starfandi. Í takt við batnandi efnahagslíf er von til þess að störfum fjölgi og atvinnubátttaka aukist að nýju. Spáin gerir ráð fyrir að atvinnuleysi verði 5% í ár, ríflega 4% á næsta ári og í lok spátímans verði atvinnuleysið komið í tæp 4%.




Staða ríkis og sveitarfélaga vènkast

Staða hins opinbera þ.e. ríkis og sveitarfélaga, heldur áfram að batna. Halli hins opinbera var 3,4% af landsframleiðslu á síðasta ári samanborið við 5,6% árið 2011. Staða ríkissjóðs hefur batnað á síðustu misserum. Afgangur var á frumjöfnuði þ.e. jöfnuði þegar undan eru skilin vaxtagjöld og vaxtatekjur, í fyrra og gangi áætlanir um ríkisfjármál eftir verður afgangur af heildarrekstri ríkisins árið 2014. Viðsnúningur varð í rekstri sveitarfélaganna í fyrra en þá varð jöfnuður í heildarrekstri þeirra í fyrsta skipti síðan 2009. Staða sveitarfélaganna er hins vegar afar misjöfn og mörg þeirra munu áfram glíma við erfiða stöðu næstu misserin. Með batnandi efnahag og í aðdraganda kosninga má búast við því að það dragi úr aðhaldi í rekstri ríkis og sveitarfélaga. Hagdeildin spáir lítils háttar aukningu í samneysluútgjöldum hins opinbera í ár eða 0,5% og að þau haldi áfram að aukast allan spátímann, um 1% árið 2014 og um 2% árið 2015.

Afgangur af viðskiptum við útlönd

Hægt hefur á efnahagsbatanum í Evrópu og samdráttur er í helstu viðskiptalöndum. Erfiðar aðstæður á helstu útflutningsmörkuðum okkar halda aftur af vexti útflutnings auk þess sem sjávarafli hefur verið minni er áætlað var. Viðskiptakjör hafa versnað síðustu misseri sem skýrist af því að verð á innfluttum vörum og þjónustu hefur hækkaði umtalsvert meira en verð á útfluttum vörum og þjónustu. Hagdeildin gerir ráð fyrir því að viðskiptakjör versni lítillega á þessu ári en batni þegar líður á spátímann.

Útflutningur vöru og þjónustu jókst um tæp 4% í fyrra sem er ívið minna en spáð var í október. Gert er ráð fyrir að útflutningur vöru og þjónustu haldi áfram að aukast út spátímann en heldur hægar en undangengið ár. Útflutningur á áli eykst árið 2014 og árið 2015 þegar framleiðsla hefst í endurbættri álverksmiðju í Straumsvík og fyrsti áfangi álvers í Helguvík tekur til starfa en á mót er gert ráð fyrir hægari vexti í ferðamannaþjónustu. Hagdeildin spáir því að útflutningur aukist um 1,6% í ár, um 2,0% á næsta ári og um tæplega 2,9% árið 2015.



Innflutningur jókst um 4,8% í fyrra sem að mestu má rekja til aukins þjónustuinnflutnings, sem jókst um tæp 11%. Í ár er gert ráð fyrir heldur minni vexti en áður m.a. vegna seinkunnar á ýmsum fjárfestingarverkefnum og áætlað hagdeildin að innflutningur aukist um 0,5% á yfirstandandi ári. Á næsta ári tekur innflutningur við sér á ný þegar fjárfestingar aukast. Hagdeildin gerir ráð fyrir að innflutningur aukist um 4,8% á næsta ári og 5,0% árið 2015.


Viðskiptajöfnuður, án innlánsstofnana í slitameðferð, var jákvæður í fyrra um tæplega 1%. Horfur eru á að utanríkisviðskipti skili áfram umtalsverðum afgangi á næstu misserum þar sem útflutningur hefur verið umfram innflutning þrátt fyrir miklar vaxtagreiðslur til útlanda. Þegar líður á spátímann og fjárfestingar aukast á ný mun draga úr afgangnum. Hagdeildin spáir því að viðskiptajöfnuður án viðskiptabanka í slitameðferð, verði ríflega 5% í ár, 3,5% á næsta ári og 2,5% árið 2015.

Verðbólgan lækkar þegar líður á spátímann

Verðlagshorfur eru dekkri en í október, en þá spáði hagdeildin því að verðbólgan yrði á bilinu 2,6% til 4,5% á næstu þremur árum. Verðbólga mældist 4,8% í febrúar sem er nokkuð meira en gert var ráð fyrir. Veiking krónunnar, hækkandi húsnæðisverð, bensínverð ásamt hækkunum á opinberum gjöldum vega hér þungt og valda því að verðbólguhorfur hafa versnað.

Horfur á minni verðbólgu erlendis, lækkandi hrávöruverði auk styrkingar krónunnar dregur úr verðbólguþrýstingi þegar líður á spátímann. Reiknað er með að verðbólgan verði mest á síðari hluta yfirstandandi árs,

en lækki hratt í kjölfarið. Verðbólga verður 5,2% í ár en svo dregur úr henni og hún verður komin í 2,2% í árslok 2015.



Gengi krónunnar áfram veikt

Gengi krónunnar veiktist nokkuð yfir vetrarmánuðina og var það veikast í lok janúar. Frá þeim tíma hefur krónan styrkst í kjölfar inngripa Seðlabankans á gjaldeyrismarkaði og er gengisvísitalan nú svipuð og í október sl. eða um 222 stig. Horfur eru á að krónan verði áfram veik, þrátt fyrir umtalsverðan afgang af viðskiptum við útlönd. Háar afborganir og uppgreiðslur á erlendum skuldum ásamt erfiðleikum við endurfjármögnun erlendra lána hafa leitt til þess að stór hluti gjaldeyrstekna hefur horfið aftur úr landi og þannig þrýst á krónuna. Jafnframt má búast við árstíðabundnum sveiflum á gengi krónunnar. Það styrkist þegar innflæði verður á gjaldeyri yfir háferðamannatímann en gengið veikist á ný þegar honum líkur í haust. Hagdeildin gerir ráð fyrir að innstreymi fjármagns vegna erlendra fjárfestingaverkefna leiði til þess að gengið styrkist lítillega á spátímanum eða um 2,5%. Þannig verði gengisvísitalan komin í 216,5 stig árið 2015 og gengi krónunnar gagnvart evru verði 157.